

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, Lyngholt, frístundabyggð í landi Hæðarenda.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. febrúar 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frá 28. apríl 2003.

Breytingin felst í því að um 10,5 ha lands í landi Hæðarenda sunnan Búrfellsvegar breytist úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 2. febrúar 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ingibjörg Halldórsdóttir.*